

KIRKJUGARÐARÁÐ

142. fundur haldinn mánudaginn 28.ágúst 2017 í Duus-húsi í Keflavík í tengslum við ferð ráðsins til að skoða kirkjugarða í Hafnarfirði og á Reykjanesi.

Mætt voru: Agnes Sigurðardóttir biskup Íslands, Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Indriði Valdimarsson sótti fundinn og Margrét Jónsdóttir í fjarveru Valtýs Valtýssonar. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins,

Gestur fundarins var Þór Hjaltín minjavörður Reykjanes.

Fundur var settur í Duus-húsi í Keflavík kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Staða í málefnum kirkjugarða: Guðmundur Rafn og Þórsteinn gerðu grein fyrir stöðu mála. Þeir áttu fund með aðstoðarmanni ráðherra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti en það kom lítið út úr fundinum. Ráðneytið er búið að tilnefna tengilið við KGSÍ en ekki vitað hver sá aðili er. Fjármálaráðuneytið hefur ekki enn tilnefnt fulltrúa í vinnuhóp um málefni kirkjugarða. Staða kirkjugarða er almennt mismunandi og mjög ólík innbyrðist. Það þyrfti að fá utanaðkomandi aðila til að stokka upp tekjukerfið. Á þingi KGSÍ á Ísafirði í sumar voru tilnefndir fulltrúar til að ræða mál kirkjugarðanna. Þórsteinn og Guðmundur Rafn munu kalla þá saman til fundar. Frumvarpið er enn í biðstöðu.
3. Næsti fundur. Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn þann 18. september. Kl. 14:00.
Önnur mál.
Ákveðið var að fjalla um málefni Víkurgarðs á næsta fundi.

Kirkjugarðarnir sem skoðaðir voru í ferðinni voru:

1. Kirkjugarðar Hafnarfjarða
2. Kirkjugarðurinn í Innri-Njarðvík
3. Kirkjugarðar Keflavíkur
4. Hvalsneskirkjugarður
5. Kirkjugarðurinn í Grindavík

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari